

## Afreksstefna og afreksáætlun ÍF 2019 - 2021.

(Fylgiskjal 4.0)

Tillaga stjórnar ÍF um framlengingu á gildistíma afreksstefnu ÍF 2013 – 2020. Lagt er til að núverandi afreksstefna gildi til næsta sambandsþings ÍF árið 2021. Jafnframt er hér um að ræða framlengingu á afreksáætlun ÍF, en afreksáætlun er nánari útfærsla og viðauki við afreksstefnu ÍF sem samþykkt var á þingi ÍF 2017.

Afreksstefna og afreksáætlun verða endurskoðuð að afloknum Paralympics í Tókýó 2020. Ný afreksstefna ÍF mun verða lögð sambandsþing ÍF árið 2021 og hafa gildistíma fram til sambandsþings ÍF 2025 eða fram yfir Parlympics sem fara fram í París 2024.

### Rök

Stjórn ÍSÍ leggur áherslu á að öll sérsambönd sem njóta styrkja úr afrekssjóði ÍSÍ setji sér afreksstefnu og að stefnan sé samþykkt/staðfest af þingi sambandsins.

Viðauki við Afreksstefnu ÍF 2013 – 2020 (samþykkt 2017 - Fylgiskjal 8)

Afreksáætlun 2019 - 2021

- Afreksáætlun þessi byggir á gildandi afreksáætlun ÍF og því fjármagni sem ÍF hefur yfir að ráða til afreksmála. Afreksstefna ÍF stendur áfram óhögguð og í fullri virkni til þings ÍF 2021.
- Mikilvægt er að greina stöðu mismunandi íþróttagreina og íþróttafólks innan þeirra. Tilgangurinn er að geta metið hvar íþróttagreinin hjá ÍF stendur í samanburði við aðrar þjóðir.
- Markmið ÍF er að eiga þátttakendur í úrslitum og eða á verðlaunapalli á Paralympics og á þeim stórmótum þar sem ÍF tekur þátt. Einnig að eiga á hverjum tíma áberandi íþróttafólk sem heldur ímynd fatlaðra íþróttamanna á Íslandi hátt á lofti.
- Sett hefur verið upp aðgerðaráætlun varðandi þverfaglega teymisvinnu, sem sér um uppfræðslu og þjálfun einstaklinga þvert á íþróttagreinar innan ÍF. Sérstakur vinnuhópur 2020 hefur verið settur á fót sem saman stendur af íþróttagreinaþjálfurum, sjúkrapjálfurum, nuddurum, læknum, sálfræðingum, fararstjórum sem koma til með að vinna með íþróttafólkinu á næstu árum. Hefur hann fundað með yfirmönnum landsliðsmála (YL).
- Ráðnir hafa verið yfirmenn landsliðsmála (YL) ÍF sem stjórna öllum landsliðsverkefnum ÍF í samráði við Ólympíuráð/Afreksráð ÍF og stjórn sambandsins. Ekki eru ráðnir sérstakir „landsliðspjálfarar“ í hverri íþróttagrein. Hver íþróttamaður er aftur á mót með sinn persónulega þjálfara eða félagsþjálfara. Þörf fyrir fylgd þjálfara á mót er metin í hverju tilfalli/verkefni íþróttamanns og tekur tillit til aðstæðna og takmarka sem mótshaldarar áskilja sér.

Viðaukann í heild sinni má finna í handbók ÍF undir Um ÍF reglugerðir um nefndir og ráð ÍF og á minniskubbi 19. Sambandsþings ÍF 2019.